

25. mars 2004.

Minnisblað frá SÍT/Sigmari Ármannssyni varðandi frumvarp til váttryggingar-samningalaga. Til formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Um váttryggingarskírteini og varúðarreglur.

Váttryggingarskírteini er alls staðar fyrst og fremst staðfesting á því, að samningur hafi komist á milli aðila um tiltekna váttryggingu. Nánar um gildissvið hennar fari svo eftir váttryggingarskilmálunum. Váttryggingarskírteini er því fremur stutt að efni. Á það má fallast, að atriði sem talin eru upp í 10. gr. og 70. gr. frumvarpsins geti átt heima í váttryggingarskírteininu án þess að lengja það úr hófi, **svo framarlega sem f.- lið, þar sem vikið er að varúðarreglum, verði breytt.** Stöðugt umfjöllunarefni fræðimanna í váttryggingarrétti eru skil milli varúðarreglna og ábyrgðartakmarkana, þ.m.t. hvað séu „duldar“ varúðarreglur. Í norskum lögum um váttryggingarsamninga var gengið býsna langt í því (og stórum lengra en annars staðar tíðkast) að taka upp í váttryggingarskírteinið ákvæði, sem þegar var að finna í skilmálunum. Flestir eru sammála um, þ.m.t. fræðimenn, að alls ekki hafi verið til bóta að skylda félög til að víkja að varúðarreglunum í váttryggingarskírteini. Vegna óvissu hvað skyldi talið upp hafa félögin í „öryggisskyni“ endurtekið í skírteinin fjölmörg ákvæði skilmálanna, án þess að séð verði að það hafi haft nokkurn akk í för með sér fyrir neytendur. Vegna þessa ákvæðis hafa á hinn bóginn risið stöðug deiluefni milli aðila, sem rata svo til úrskurðarnefnda og dómstóla. **Þess er því farið á leit, að efnahags- og viðskiptanefnd endurskoði f.- lið 10. gr. (og þar með 2. mgr. 11. gr.) og f.- lið 70. gr. með hliðsjón af framansögðu.** Undirritaður er reiðubúinn að skýra þetta enn frekar, verði þess óskað.

Sigmar Ármannsson